



Krýsuvíkurvegur við Bláfjallaafleggjara 15.10.2007

Bifhjólaslys, útafakstur

Látinn 32 ára karlmaður

Tími sólarhrings: Dagur

### Lýsing á slysi

Ökumaður bifhjóls ók suðaustur Krýsuvíkurveg á miklum hraða. Skammt frá Bláfjallaafleggjara ók hann framúr tveimur malarflutningabifreiðum. Vegsýn framundan var takmörkuð vegna hæðar og beygju og fór ökumaðurinn yfir heila línu og á vegarhelming fyrir umferð úr gagnstæðri átt. Við framúraksturinn missti hann stjórn á hjólinu, náði ekki beygjuni og hafnaði útaf vinstra megin. Á veginum voru 130 metra skriðför eftir bifhjólið en það hafnaði á hraunvegg 30 metra utanvegar. Vitni greinir frá því að við framúraksturinn hafi afturendi bifhjólsins byrjað að rása og ökumaður misst stjórn á því.

Þar sem slysið varð liggur Krýsuvíkurvegur í aflíðandi hægri beygju (sjá mynd). Umhverfi vegarins er úfið hraun. Yfirborðsmerking er á veginum, óbrotin lína í akstursstefnu bifhjólsins. Akstursaðstæður voru góðar þegar slysið varð, bjart veður og vegurinn þurr.



**Horft móti akstursstefnu bifhjólsins norðvestur Krýsuvíkurveg.**

Hámarkshraði á veginum er 90 km/klst. en vitni lýsa því að ökumaður hafi ekið mjög greitt. Hraðaútreikningar rannsóknarnefndarinnar benda til þess að ökumaður hafi verið á a.m.k. 140 km/klst. hraða

Bifhjólið var nýtt af gerðinni Honda CBR 1000. Við rannsókn á bifhjólinu fundust engar vísbendingar um að bilun hefði valdið slysinu. Ökumaður bifhjólsins notaði viðurkenndan öryggisbúnað, var í buxum og jakka, með brynju, í stígvélum, hönskum og með hjálm. Við útafaksturinn hlaut hann banvæna höfuðáverka.



**Horft suðaustur Krýsuvíkurveg. Bifhjólið hafnaði 30 metra utan við veginn á hraunvegg.**

Í matsgerð rannsóknarstofu lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að ökumaður var undir áhrifum fíkniefna þegar hann lést.

### **Orsakagreining**

- Ökumaður bifhjólsins ók á ofsahraða og missti stjórn á hjólinu
- Hann ók framúr þar sem það er bæði ólöglegt og stórhættulegt
- Hann var undir áhrifum fíkniefna

## **Ábendingar**

Hraðakstur og ofsaakstur er algengasta orsökinn þar sem svokölluð racer- bifhjól koma við sögu í banaslysum undanfarinna ára. Eins og nafnið bendir til eru þetta keppnisökutæki, hönnuð fyrir hraðakstur og eiga vart heima í almennri umferð hér á landi. Telur nefndin umhugsunarefni að þessi gerð bifhjóla sé skráð til notkunar í almennri umferð. Leggur nefndin til að hugað verði að því að koma þessum bifhjólum af götunum og ætla þeim þess í stað rými á sérstökum keppnissvæðum.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur að lækka eigi hámarkshraða á Krýsuvíkurvegi úr 90 km/klst. í 70 km/klst. Vegurinn er með bundnu slitlagi en mjóum vegöxlum og er umhverfi hans varhugavert. Vegmerkingum á slysstaðnum er að mati nefndarinnar ábótavant þar sem ekki er varað við hættulegum beygjum og hæðum.

**Reykjavík 6.júní 2008**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**